



Fundur háskólaráðs 15. júní 2006

Fundargerð

Málsnúmer: HI06010052
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Margrét Ludwig
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 09.06.2006
Dags: 15.06.2006

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

08/2006

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2006, fimmtudaginn 15. júní var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Anna Pála Sverrisdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir (varamaður Vilhjálms Árnasonar), Eiríkur Tómasson, Erna Kristín Blöndal, Jóhannes Rúnar Sveinsson, Jón Ólafur Skarphéðinsson og Rögnvaldur Ólafsson. Inga Jóna Þórðardóttir og Matthías Páll Imsland boðuðu forföll og varamenn þeirra einnig. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

1. Mál á dagskrá

1.1 Hugmyndir fjármálanefndar um breytingar á deililíkani, sbr. síðasta fund.

Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar háskólaráðs, og gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði millifundanefndar háskólaráðs um mögulegar breytingar á deililíkani Háskólans. Málið var rætt ítarlega og svaraði Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum. Ekki fékkst samhljómur um niðurstöðu í málinu.

1.2 Umsögn formanna nefnda háskólaráðs um stefnuskjöl deilda og stjórnarsýslu Háskóla Íslands.

Inn á fundinn kom Róbert H. Haraldsson, dósent í hugvísindadeild, og gerði grein fyrir framlagðri umsögn starfshóps formanna starfsnefnda háskólaráðs um stefnuskjöl deilda og sameiginlegrar stjórnarsýslu. Málið var rætt ítarlega og svaraði Róbert framkomnum spurningum og athugasemdum. Málið verður áfram á dagskrá á næsta fundi háskólaráðs.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Tillaga að breytingu á 11. gr. reglna Háskólans nr. 458/2000 um að gæðanefnd verði ein af starfsnefndum háskólaráðs og bætist við í upptalningu þeirra.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt. Lýstu ráðsmenn ánægju yfir því að gæðanefnd skyldi verða ein af starfsnefndum háskólaráðs.
- Samþykkt einróma.

2.2 Drög að erindisbréfi gæðanefndar háskólaráðs.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.
- Samþykkt einróma.

2.3 Skipun gæðanefndar háskólaráðs.

Rektor kynnti málið. Gengið verður frá skipun gæðanefndar á næsta fundi háskólaráðs.

2.4 Endurskoðuð tillaga að breytingu á ákvæðum reglna HÍ um skipun fulltrúa stúdenta á deildarfundum í skorarskiptum deildum, sbr. síðasta fund.

Rektor skýrði frá málinu og var það rætt.

- Endurskoðuð tillaga að breytingu á ákvæðum reglna HÍ um skipun fulltrúa stúdenta á deildarfundum í skorarskiptum deildum samþykkt einróma.

2.5 Erindi frá guðfræðideild, dags. 31. maí sl., um að fá heimild háskólaráðs til að brautskrá væntanlegan doktorsnema með prófgráðuna Ph.D.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Samþykkt einróma.

2.6 Tillaga viðskipta- og hagfræðideildar um veitingu tveggja heiðursdoktorsnafnbóta við brautskráningu kandiata í október 2006.

Rektor kynnti málið og var það rætt stuttlega.

- Samþykkt einróma.

2.7 Tilnefning í stjórn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, sbr. bréf menntamálaráðuneytis, dags. 14. júní sl.

Rektor gerði grein fyrir málinu.

- Rektor falið að tilnefna þrjá fulltrúa Háskólans í stjórn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

2.8 Húsnæðismál Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Lagt fram bréf frá deildarráði hugvísindadeildar, dags. 14. júní sl.

Rektor kynnti málið og verður það áfram á dagskrá næsta fundar háskólaráðs.

3. Mál til fróðleiks

3.1 Starfshópur um endurskoðun ráðningarferlis akademískra starfsmanna o.fl., dags. 31. maí sl.

3.2 Ný lög um háskóla.

3.3 Ný lög um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

3.4 Árbók og Ritaskrá HÍ fyrir árið 2005.

3.5 Álit kæruneftndar jafnréttismála nr. 10/2005: Anna Ingólfssdóttir gegn Háskóla Íslands, dags. 2. júní sl.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

3.6 Samstarfssamningur milli Háskóla Íslands og Columbia háskóla, undirritaður 12. júní sl.

4. Önnur mál

4.1 Próftaka á tölvum.

Eiríkur Tómasson, fulltrúi félagsvísindasviðs og varaforseti háskólaráðs, mælti fyrir því að athugaðir verði kostir próftöku á tölvum. Málið var rætt.

- Samþykkt að fela kennslumálanefnd og kennslusviði að veita háskólaráði umsögn um málið.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 15.00.